

AUGLÝSING

um staðfestingu á samningi milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps um sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í almennri félagsþjónustu.

Samkvæmt 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, hefur félags- og vinnu-markaðsráðuneytið staðfest samning milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps um sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í almennri félagsþjónustu. Samningurinn var samþykktur af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar á fundi 5. september 2024 og af sveitarstjórn Súðavíkurhrepps á fundi 13. september 2024. Staðfesting á samningnum hefur verið kynnt innviðaráðuneytinu og mennta- og barnamála-ráðuneytinu.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. 93. gr. sömu laga, og tekur til þeirrar almennu félagsþjónustu sem tilgreind er í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 2. desember 2024.

F. h. r.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

Tryggvi Þórhallsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í almennri félagsþjónustu milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Aðild og markmið.

Aðilar samnings þessa eru Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Súðavíkurhreppur, kt. 630269-4589, Grundarstræti 3, Súðavík.

Markmið samnings þessa er að uppfylla 1. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, um að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjárpar.

Ísafjarðarbær tekur að sér framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í 2. gr. samnings þessa, þ.e. sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í almennri félagsþjónustu fyrir Súðavíkurhrepp, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 40/1991, sbr. og heimild í 4. gr. laganna, sbr. og þjónustusamning félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, Fjölmenningarseturs og Ísafjarðarbæjar.

Samningur þessi er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, um að sveitarfélög geti samið um að eitt sveitarfélag takið að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög.

2. gr.

Málaflokkar.

Samningur þessi varðar eftirfarandi málaflokka:

- Félagsmálanefnd (velferðarnefnd).
- Skrifstofu velferðarsviðs og stjórnun.
- Félagslega ráðgjöf.
- Fjárhagsaðstoð.
- Stuðningsþjónustu, þ.e. félagslega heimaþjónustu, liðveislu og akstursþjónustu.
- Málefni barna og ungmenna, m.a. forvarnir.
- Þjónustu við unglinga.

- h. Þjónustu við aldraða, þ.e. heimaþjónusta, félagsráðgjöf, matarþjónusta, dagdeild, félags- og tómstundastarf, sjá þó nánar 2. mgr. 4. gr. samningsins.
- i. Þjónustu við fatlað fólk, þ.e. grunnþjónusta.
- j. Vímuvarnir og aðstoð einstaklinga með fíknivanda.
- k. Sérstakar húsaleigubætur (sérstakar húsnæðisbætur).
- l. Félagsþjónustu við aðra hópa, svo sem flóttafólk.

3. gr.

Valdheimildir.

Með samningi þessum framselur Súðavíkurhreppur vald til töku ákvarðana í málaflokkum sem undir hann heyra til Ísafjarðarbæjar. Endanleg ábyrgð á ákvörðunum liggur því hjá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum. Súðavíkurhreppur skal tryggja að valdaframsal til Ísafjarðarbæjar sé í samþykktum þeirra um stjórn og fundarsköp.

Ísafjarðarbær hefur heimild til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvarðana til nefndar eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykktum Ísafjarðarbæjar um stjórn og fundarsköp í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda. Ísafjarðarbær tilkynnir Súðavíkurhreppi um slíkt valdframsal.

Ísafjarðarbær ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu og tekur því ákvarðanir um útgjöld. Aðkoma Súðavíkurhrepps að fjárhagslegum þáttum samningsins er tryggð með samráði skv. 6. gr. samningsins um samráð og aðkomu Súðavíkurhrepps.

4. gr.

Starfsfólk.

Ísafjarðarbær ræður starfsfólk og veitir þeim lausn frá störfum í samræmi við samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, en um er að ræða stjórnanda sem ber ábyrgð á þjónustu er fellur undir samning þennan, deildarstjóra og ráðgjafa í félagsþjónustu, forstöðumann og starfsmenn í stuðningsþjónustu, og öldrunarfulltrúa.

Súðavíkurhreppur skal þó ráða starfsfólk og veitir þeim lausn frá störfum í samræmi við samþykkt um stjórn Súðavíkurhrepps og fundarsköp sveitarstjórnar, en um er að ræða starfsmenn í félags- og tómstundastarfi aldraðra. Skal kostnaður vegna þessara starfsmanna greiddur af Súðavíkurhreppi.

5. gr.

Félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar, sbr. 11. gr. laga nr. 40/1991, kallast velferðarnefnd. Er hún skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Skal bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar kjósa fimm aðalfulltrúa og fimm til vara.

Súðavíkurhreppur tilnefnir einn áheymarfulltrúa og einn til vara með málfrelsi og tillögurétt á fundi viðkomandi nefndar, þegar málefni samstarfsverkefnisins eru þar til umræðu, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991.

Velferðarnefndarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega í fundarsal bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Sveitarfélögin greiða hvort um sig nefndarlaun sinna fulltrúa í velferðarnefnd, aksturskostnað og annað sem til fellur vegna starfa sinna fulltrúa í nefndinni.

Allur annar kostnaður vegna velferðarnefndar skal greiðast í samræmi við 8. gr. samningsins.

6. gr.

Samráð og upplýsingagjöf.

Árlega skulu forsvarsmenn samningsaðila, ásamt sviðsstjóra velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar, eiga samráð um fjárhagslega þætti samningsins, breytingar á honum og/eða önnur samningsatriði, auk málefna einstakra þjónustubátta og stefnumótandi þætti. Heimilt er að óska eftir frekara starfsfólki til fundar ef efnistöð eru á þann veg. Aukafundi skal halda ef samningsaðilar óska þess.

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps og fulltrúar í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um það verkefni hjá því sveitarfélagi sem veitir þjónustuna og

þeir hefðu ella haft skv. 28. og 96. gr. sveitarstjórnarlaga. Um er að ræða gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar og varða málefni samstarfsverkefnisins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps. Að öðru leyti vísast til ákvæða sveitarstjórnarlaga og 21. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnsýslulaga.

Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um upplýsingarétt sveitarstjórnarfólks, lög um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sem og önnur lög sem gilda um viðkomandi málaflokka.

7. gr.

Fjárhagsáætlun.

Ísafjarðarbær skal gera tillögu að fjárhagsáætlun komandi árs vegna þeirra þjónustubátta sem undir samninginn falla. Skal sú tillaga lögð fyrir velferðarnefnd til kynningar, svo og fyrir Súðavíkurhrepp til samþykktar, fyrir síðari umræðu og samþykkt áætlunarinnar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Geri Súðavíkurhreppur athugasemdir við áætlunina skal þeim komið á framfæri áður en áætlunin fer til seinni umræðu og samþykktar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga. Komi til kostnaðarauka vegna óvæntra útgjalda á yfirstandandi rekstrarári, skal viðaukatillaga, ásamt greinargerð, lögð fyrir Súðavíkurhrepp til umsagnar fyrir samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

8. gr.

Fjárhagslegt uppgjör.

Súðavíkurhreppur skal greiða fyrir veitta þjónustu skv. 2. gr. samnings þessa og skal almennur kostnaður skiptast milli aðildarsveitarfélaganna í samræmi við íbúafjölda 1. janúar viðkomandi rekstrarárs, byggt á fjárhagsáætlun ársins, og samþykktum viðaukum eftir atvikum. Ísafjarðarbær sendir reikning til Súðavíkurhrepps mánaðarlega í samræmi við fjárhagsáætlun. Eftir áramót ár hvert er gert uppgjör og reikningur sendur í samræmi við raunverulegan kostnað.

Komi til þess að tekin er ákvörðun um úrræði eða þjónustu sem felur í sér kostnað sem fellur sérstaklega á Súðavíkurhrepp, skal Ísafjarðarbær leita fyrirframsamþykkis Súðavíkurhrepps til beiðingar úrræðisins og uppfærslu fjárhagsáætlunar og/eða gerð viðauka, eftir atvikum. Komi til kostnaðar vegna þessa skal reikningur sendur mánaðarlega í samræmi við fjárhagsáætlun.

9. gr.

Eignarhald á mannvirkjum, rekstrartækjum og öðrum verðmætum.

Mannvirki, rekstrartæki og önnur verðmæti í eigu sveitarfélaganna verða það áfram eftir gildistöku samningsins. Komi til nýrra framkvæmda á samningstímanum munu samningsaðilar komast að samkomulagi um eignarhald þeirra, hlutdeild og kostnaðarskiptingu.

Kaup á búnaði sem nýttur er við að veita þjónustu samkvæmt samningi þessum telst eign þess aðila sem greiddi.

10. gr.

Samningar við einkaaðila.

Ísafjarðarbær er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustu og verkefna sem falla undir samning þennan, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga, svo sem um sálfræðiþjónustu, lögfræðiþjónustu og aðra sérhæfða þjónustu, og ber að ganga úr skugga um að viðkomandi aðili uppfylli lögskyld skilyrði til þeirrar starfsemi.

11. gr.

Ágreiningur.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða náist ekki samkomulag milli aðila.

12. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi gildir frá staðfestingu félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, að fenginni staðfestingu sveitarstjórna Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps, sbr. 92. og 93. gr. sveitarstjórnarlaga.

Gagnkvæmur skriflegur uppsagnarfrestur eru sex mánuðir, frá næstu mánaðamótum, nema aðilar séu sammála um að slíta samstarfi þegar í stað.

Samningur þessi skal tekinn til endurskoðunar ef aðilar óska þess, lög og reglur breytast, eða aðstæður verða með þeim hætti að samstarf það sem hann grundvallast á verður óþarft eða óframkvæmanlegt.

Ísafirði, 5. september 2024.

F.h. Ísafjarðarbæjar,

F.h. Súðavíkurhrepps;

Arna Lára Jónsdóttir
bæjarstjóri.

Bragi Þór Thoroddsen
sveitarstjóri.